



Til: Haraldur Birgir Haraldsson <birgir@ry.is>  
Efni: Re: 1907041 - Sent til umsagnar  
Upplýsingar: Sent: 05.02.2020 16:46:30 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2020010077, Málalýklar: 42-0 Umsagnir almennt

---

Tilvísun í mál: 2020010077

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Rangárþingi ytra, dags. 24. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um deiliskipulag fyrir lóðir úr landi Jarlssstaða, Stóru-Völlum í Landsveit, Rangárþingi ytra.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framlagða skipulagstillögu. Af loftmyndum að dæma er um að ræða svæði sem að hluta hefur verið byggt á, reitir A og B, en óbyggt er á reit C. Reitur C virðist að mestu vera á mjög sandorpu hrauni sem að öllu jöfnu hefur lægra verndargildi en hraun sem ekki er hulið sandi. Af loftmynd að dæma virðist vera náma (?) innan marka skipulagsins og vegur að henni sem ekki er á deiliskipulagstillögunni.

Eins og kemur fram í greinargerð með skipulaginu eru byggingarreitir á hrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.

Með hliðsjón af því sem kemur fram hér að framan um fyrirhugað byggingarsvæði, hraunið sjálft og vegtengingar og rask sem er fyrir, gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemd við að gert sé deiliskipulag fyrir þá reiti sem þegar hefur verið byggt á, reit A og B, eða reit C að því tilskyldu að öllu raski sé haldið í lágmarki og hraunmyndunum ekki raskað að óþörfu. Einnig virðist þurfa að færa inn á skipulag það sem vantar þ.e. námu (?) og vegslóða.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is



Frá: Haraldur Birgir Haraldsson <birgir@ry.is>  
Dags: 01/24/2020 08:11:07 AM  
Til: "ni@ni.is" <ni@ni.is>  
Efni: 1907041 - Sent til umsagnar

Heil og sæl

Vinsamlegast gefið mér umsögn ykkar um meðfylgjandi tillögu að deiliskipulagi fyrir lóðir úr landi Jarlssstaða, Stóru-Völlum í Landsveit, Rangárþingi ytra, takk fyrir. Næsti fundur okkar í skipulagsnefnd verður 10. febrúar nk og væri mjög hentugt ef umsögn gæti legið fyrir nokkuð áður, ef nokkur kostur er.

Kær kveðja,

Haraldur Birgir Haraldsson  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Suðurlandsvegi 1-3,  
Rangárþingi ytra  
Sími 488-7000



[www.ry.is](http://www.ry.is), [www.facebook.com/rangarthing-ytra](https://www.facebook.com/rangarthing-ytra)

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem sendingin er stíluð á og gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafið þér fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans ber yður skv. 9. mgr. 47. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 að gæta fyllsta trúnaðar, hvorki skrá upplýsingar hjá yður né notfæra yður þær á nokkurn hátt og tilkynna okkur samstundis um að þær hafi ranglega borist yður. Vinsamlegast eyðið þeim að því loknu.



**Deiliskipulag Jarlsstaðir 20191111.pdf**